

# LÖGMANNABLAÐIÐ

3. árg.

Febrúar

1 / 1997

- Farið frá borði
- Má gagnrýna Hæstarétt?
- Af Merði lögmanni
- Viðhorfskönnum meðal lögmannna
- Heiðursfélagar L.M.F.Í.
- Námstilhögun í lagadeild H.Í.
- Hollvinafélag lagadeildar H.Í.
- Kynlegur rekaviður
- Samráðsfundur L.M.F.Í. og D.Í.
- Nokkrar álitgerðir stjórnar L.M.F.Í.
- Afgreiðsla mála í Hæstarétti Íslands 1996
- Um fjárvörlureikninga

Útgefandi:  
Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Marteinn Másson

Ritnefnd:  
Árni Vilhjálmsson, hrl.  
Ástráður Haraldsson, hrl.  
Björn L. Bergsson, hdl.  
Jón G. Briem, hrl.

*Kveðja  
formanns*

*Bls. 3*

*Viðhorfs-  
könnun  
meðal  
lögmannna*

*Bls. 6*

*Afgreiðsla  
mála í  
Hæstarétti  
1996*

*Bls. 17*

# Fjárvörslukerfi Landsbanka Íslands

Landsbanki Íslands hefur komið á fót sérstakri þjónustu við lögmenn í tengslum við nýlegar reglur um fjárvörslureikninga. Þessi þjónusta er kölluð **Fjárvörslukerfi Landsbankans**.

Með **Fjárvörslukerfi Landsbankans** er boðið upp á þjónustu, sem uppfyllir öll skilyrði reglna um fjárvörslureikninga lögmanna. Um leið opnar það möguleika til hagræðingar hjá lögmönnum sjálfum og betri yfirsýnar um stöðu einstakra skjólstæðinga þeirra.

Helstu kostir **Fjárvörslukerfis Landsbankans** eru:

- beinn aðgangur að sérstökum þjónustufulltrúa
- möguleiki á Boðlínubjónustu, þ.e. beintengingu við bankann gegnum tölvu
- greinargóð yfirlit, sem m.a. auðvelda alla bókhaldsvinnu
- hægt er að stofna fjárvörslureikninga sem tékkareikninga eða gjaldeyrisreikninga
- auk tékkareikningsvaxta eru greiddir sérstakir vextir inn á safnreikning við komandi lögmannsstofu

Í **Fjárvörslukerfi Landsbankans** eru reikningarnir ávallt lausir og vaxtakjör þau hagstæðustu, sem í boði eru á óbundnum reikningum.

Með **Fjárvörslukerfi Landsbankans** getur bankinn boðið lögmönnum góða lausn, sem auðveldar þeim alla meðferð vörlufjár og sparar ómælda vinnu og tíma.

**Kynntu þér kosti  
Fjárvörslukerfis Landsbankans!**



## Mannabreytingar í ritnefnd

Nýlega ákvað Sif Konráðsdóttir, hdl., að láta af störfum í ritnefnd Löggemannablaðsins, en hún hefur setið í nefndinni frá upphafi, sem formaður. Eru benni færðar bestu þakkir frá ritnefndarmönnum og ritstjóra fyrir áncægjulega samvinnu og mikinn dugnað við útgáfustarfið. Í stað Sifjar hefur stjórn L.M.F.I. fengið Steinunni Guðbjartsdóttur, hdl., til að taka sæti í ritnefndinni. Er hún hér með boðin velkomin til starfa.

Á næsta aðalfundi Löggemannafélags Íslands verður kjörinn nýr formaður í féluginu. Sú, sem þetta ritar, hefur ákvæðið að „afmunstra“ sig eftir að hafa vermt formannsstólinn í tvö ár. Þetta má ekki skilja svo að árin tvö hafi verið ein allsherjar sigling í ólgusjó. Öðru nær. Það hefur að vísu verið svo að manni hefur fundist maður vera kominn á ansi djúpan sjó á stundum. Hásætnir um borð hafa hins vegar verið úrvalsfólk og forðað „kerlingunni í brúnni“ frá ýmis konar vitleysu. Þá hefur útgerðarmaðurinn í landi, hinn almenni félagsmaður, ávallt haft vakandi auga með útgerðinni. Að vísu hefur það verið svo að þeir, sem komið hafa með góðar ábendingar, hafa þá iðulega verið „sjanghæjaðir“ um borð og settir í að vinna verkin, sem þeir töldu að vinna þyfti.

### Löggemannafélag Íslands

Álfamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfssími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): lmfi@tv.is

#### Stjórn L.M.F.I.

Pórunn Guðmundsdóttir, hrl.,  
formaður  
Sigurmar K. Albertsson, hrl.,  
varaformaður

Jakob R. Möller, hrl.,  
ritari

Kristín Briem, hdl.,  
gjaldkeri

Hreinn Loftsson, hrl.,  
meðstjórnandi

#### Starfsfólk L.M.F.I.

Marteinn Másson,  
framkvæmdastjóri  
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.  
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:  
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

#### Prentun: Borgarprent h.f.

Umsjón auglýsinga:  
Öflun ehf., sími 561-4440



Pórunn  
Guðmunds-  
dóttir, hrl.

# Farið frá borði

gefa frumvarpsdrögum stjórnarinnar byr undir báða vængi. Æð sjálfssögðu hefði verið æskilegra að betri svörun hefði fengist úr könnuninni, en svörunin er þó viðundandi. Það er ljóst að lögmenn vilja halda aga- og eftirlitsvaldi innan félagsins. Þá er verulegur meirihluti fyrir því að áfram verði skylduaðild að féluginu. Stjórnin ákvæð að kynna ekki dómsmálaráðherra frumvarpsdrög LMFI fyrir en niðurstaða lægi fyrir í viðhorfskönnuninni. Frumvarpsdrögur verða einnig kynnt þingmönnum. Frumvarp til nýrra laga um lögmenn er það mál sem varðar lögmenn mestu nú um stundir.

Oft hefur maður óskað þess að stjórn félagsins hefði meiri tíma til þess að sinna eiginlegum félagsmálum en nú er. Eins og málum er komið nú og eins og allir þeir lögmenn þekkja, sem setið hafa í stjórn félagsins, þá fer stærstur hluti af tíma stjórnarinnar í að fylla um svokölluð kæru- og umkvörtunarmál. Ef sú niðurstöða verður ofan að agavaldið verði fært til sérstakrar nefndar á vegum félagsins, mun stjórnin geta sinnit félagsmálum betur en nú er.

Það gleðilega við það að sitja í stjórn Löggemannafélagsins er að lögmenn virðast alltaf vera boðnir og búnir til þess að starfa fyrir félagið. Nær undantekningarálaust taka menn að sér þau störf, sem félagið og stjórnin óska eftir að séu unnin. Þetta finnst mér vera til sóma fyrir löggemannastéttina vegna þess að allt eru þetta sjálfbóðastörf, svo sem menn vita. Fólk fórnar vinnutíma sínum, tíma frá tómstundum, áhugamálum og fjölskyldu til að vinna fyrir óllum félagsmönnum. Ægjum fylgjum félagsmanna til ómissaða og kenna hug félagsmanna til ómissaða í starfsemi félagsins. Niðurstöður úr viðhorfskönnun þessari eru birtar hér annars staðar í blaðinu. Það er óhætt að segja að niðurstöðurnar

## Má gagnrýna Hæstarétt? - Og þá hvernig?

Dómstólar fara með þýðingarmikið opinbert vald. Þar skiptir vald Hæstaréttar mestu máli. Það er ekki bara heimilt heldur afar nauðsynlegt að opinberlega sé fjallað um meðferð þess og hún gagnrýnd ef því er að skipta. Engar sérstakar reglur geta gilt um þá umfjöllun. Hún er mönnum einfaldlega jafnheimil og umfjöllun um önnur þjóðfélagsmál.

Öll höfum við heyrta þá kenningu að málflutningsmaður sem flutt hefur mál fyrir dómi megi ekki tjá sig um dómsniðurstöðu opinberlega. Þetta er auðvitað tóm vitleysa. Allir borgarar sem pess óska eiga rétt á að tjá sig um dóma, hvort sem það eru málflutningsmenn eða aðrir. Frjálsar umræður geta aldrei einkennst af því að einhverjir menn séu útlokaðir frá þáttöku í þeim, t.d. á þeim forsendum að þeir hafi skoðun á því sem þeir eru að tala um. Frjálsar umræður einkennast þvert á móti af því að ólíkar skoðanir mætist og hafa þá allir rétt á að tjá sig. Ef málflutningsmaður í dómsmáli gagnrýnir

forsendur dóms er hann ekkert að dyljast. Allir sem á hlýða vita þá að hann hefur ekki hlutlausá stöðu og meta gagnrýnina í því ljósi. Slík gagnrýni verður því aðeins áhrifamikil að fyrir henni séu sterk rök.

Vinnubrögð dómstóla við að komast að dómsniðurstöðum varða afar mikilvægt þjóðfélagsmál. Það er grundvallaratriði sem snýr að öllum borgurum að dómstólar beiti hlutlausum lagamælikvarða. Og dómur, sem slíkum mælikvarða beitir, þannig að það komi fram í skrifuðum forsendum, talar alveg fyrir sig sjálfur. Gagnrýni á slíkar dómsforsendur verður innantóm og einskis nýt.

Ef forsendur fyrir dómsniðurstöðu eru á hinn böginn veikar og þar skortir allan viðhlítandi rökstuðning líggja þær flatar fyrir gagnrýni. Í slíkum tilfellum eru oftast ekki önnur ráð tiltæk gegn gagnrýninni, en að reyna að þagga hana niður. Það er raunar einmitt í pessum tilvikum sem mest þörf er á gagnrýni. Pannig og aðeins pannig er einhver von til þess

að vinnubrögð lagist. Það hefur komið í ljós á Íslandi að afar óvönduðum vinnubrögðum virðist alltof oft beitt við dómsþýsluna. Að sjálfsgöðu eignum við sem við petta vinnum þess kost að þegja bara þunnu hljóði. Við getum sagt sem svo að okkur komi ekkert við eftir hvaða aðferðum niðurstöður eru fengnar svo lengi sem það heita dómstólar sem komast að þeim. Þessi aðferð hefur að minumati alltof lengi tilkast hjá íslenskum lögfreðingum. Hún er auðveld og þægileg vegna þess að með opinberri gagnrýni eru þeir að útsetja sig fyrir alls kyns „óþörf“ óþægindi í okkar litla návígispjóðfélagi. Það getur líka vel verið að þessi þagnarvörn fyrir dómstóla komi sér „vel“ fyrir þá, á þann hátt að almenningar haldi að þetta sé allt í lagi, a.m.k. þangað til menn purfa að prófa kerfið á sjálfum sér.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að verulega skorti á umræður á Íslandi um dómsstörfin. Ég held að að þessu þýðingarmikla málasviði gildi ekkert önnur lögþáli en að öðrum svíðum þjóðfélagsmála, frjálsar óheftar umræður eru af hinu góða. Þær eru til þess fallnar að þeir sem þessum störfum sinna vandi þau betur og verði trúrrí þeirri óvægnum fræðimennsku sem t.d. leyfir engar mágæsingar eða óeðlilega gæslu á ríkishagsmunum.

Lögmannablaðið sprýr „hvernig“ gagnrýni megi dóma. Svarið við því er einfaldlega á þann veg að hver maður sem gagnrýnir ákveður það fyrir sig. Á þessu málasviði sem öðrum gildir sú meginregla að hver og einn maður ákveður sjálfur hvaða kröfur hann gerir til sjálfssín um vinnubrögð. Í dómstólagagnrýni getur því komið fram vönönduð gagnrýni og óvönduð, málfnaleg og ómálfnaleg, dönnuð og ódönnuð, skemmtileg og óskemmtileg o.s.frv. Öll slík gagnrýni er jafnheimil. Hitt er svo annað mál að til þess að skipta máli og hafa einhver áhrif til góðs þarf gagnrýni á dómstóla að vera málfnaleg og sanngjörn. Þetta mættu þeir sem gagnrýna, málflytjendur og aðrir, hafa í huga.

MM

## Gagnrýni á dómstóla

Á undanförnum árum hefur áhugi almennings og fjölmöðla á dómstólum og réttarfari aukist verulega. Væntalæg skýrist þetta að hluta af aukinni samkeppni fjölmölnanna um athygli almennings (hlustun og áhorf eins og það heitir vist). Ekki líður dagur án þess að fjallað sé með einum eða öðrum hætti um nýlega dóma, rannsókn opinberra mála o.s.frv. í fjölmölnum. Þessi próun hefur leitt af sér aukinni þrysting á t.d. lögmanni, að þeir tjá sig um dómsmál, hvort sem það eru mál, sem þeir sjálfir flytja, eða ekki.

Skiptar skoðanir hafa verið í hópi lögfræðinga og reynðar hjá fleirum um það hvort og þá með hvaða hætti lögmanni, og eftir atvikum aðrir, megi tjá sig um störf dómara og dómsniðurstöður. Sumir eru þeirrar skoðunar að allir, hvort sem það eru lögmanni eða aðrir, megi tjá sig og gagnrýna dómstólan, slík tjáning njóti verndar stjórnarskráraðar og sé í raun nauðsynleg til að skapa dómurum aðhald í störfum þeirra. Umfjöllun um þessi mál auki jafnframt almennan skilning á

störfum dómstólanna og réttindum og skyldum þjóðfélagsþegnanna.

Aðrir telja að varlega beri að fara í sakirnar og jafnvel að gera verði ríkari kröfur til lögmannna en annarra að þessu leyti til, vegna þeirrar stöðu sem lögmanni hafa í réttargæslunni í landinu. Óvæginn gagnrýni lögmanni geti dregið úr tiltrú almennings á störfum dómstólanna og þar með veikt réttarþryggð í landinu. Þessu sjónarmiði til stuðnings séu m.a. ákvæði 5. gr. siðareglina L.M.F.I.

Þessi mál hafa verið til umræðu nýlega, m.a. vegna framkominnar gagnrýni á málsméðferð í Hæstarétti í tiltekuðu máli. Lögmannablaðið ferk Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., til að segja skoðun sína um það hvort og þá hvernig megi gagnrýna dómstólan í landinu, vinnubrögð þeirra og niðurstöður. Birtist sú grein í þessu tölublaði Lögmannablaðsins. Í næsta tölublaði verður reynt að fá innlegg frá öðrum um þetta mál, hvort sem þeir eru sammála þeim skoðunum, sem hér birtast, eður ei.

MM

Lögmannablaðið

## Af Merði lögmanni

Mörður var heldur betur ánægður með sig núna. Loksins var hann kominn í hóp ofurlögmannanna á jeppunum. Loksins var honum sýndur sá sómi, sem honum bar. Honum hafði nefnilega verið boðið að vera með í stofnun sérstaks félags lögmannna. Mörður laumaðist til að líta í kringum sig á fundinum. Parna voru saman komnar helstu stórkánónurnar í lögmannastéttinni, menn og konur sem skrifuðu reglulega í blöð, voru oft í sjónvarpinu, töludu á fundum, fólk sem bjargaði ríkisstjórnunum. Parna var lögmaður, sem vann látlautst að friðun furulúsarinnar milli þess sem hann vann stórsigra fyrir dómstólunum. Parna var annar, sem hafði gert Ísland að miðstöð baráttuhópa gegn misrétti því sem byggingaverkamenn í Mið-Afríku voru beittir. Mörður dró djúpt andann. Af hverju hann hafði verið boðaður á þennan stofnfund vissi hann ekki.

Að lokum sló fundarboðandi í appelsín-glaði og setti fundinn. Hann talaði næstu sjö korterin. Mörður missti þráðinn á 27. mínumánu. Þó kom í lokin að fundarboðandi lagði til að félagsskapurinn fengi nafnið „GALLSTEINARNIR“. Nafngiftina útskýrði fundarboðandi svo að gallsteinar væru skaðlausir þegar þeir væru litlir, það væri aðeins þegar þeir yrðu stórir sem þeir yrðu til óþæginda. Það væri einmitt tilgangurinn með félaginu, að vera til óþæginda. Samein-ádir væru þeir stórir, til óþæginda og gætu þar af leiðandi látið að sér kveða. Þá væru þeir gallharðir í afstöðu sinni. Merði fannst þetta snjallræði. Hver tilgangur félagsins væri, skildi hann ekki alveg, eitthvað um hagsmunamál lögmannna og annarra lítil-magna í þjóðfélaginu. Nú stóðu menn upp hver um annan þveran. Lýstu skoðunum sínum. Mörður óskaði þess að hann hefði burstað skóna sína áður en hann fór á fundinn og ekki verið í þessum með trosnuðu reimunum. Að lokum stóð hann upp og

krafðist þess að félagið beitti sér fyrir breytingu á réttarfarslöggjöfinni. Hann væri mikilvægt í opinberum málum og ákvörðun dómstóla um málsvarnarlaun væri fyrir neðan allar hellur. Sama væri í gjafsoknarmálum. Pessir dómarar hefðu alla sína hunds- og kattartíð verið á framfæri hins opinbera að því er varðaði skrifstofukostnað og vissu þar af leiðandi ekki hvað rekstrarkostnaður væri. Sjálfsgagt héldu þeir að um væri að ræða nýja bragðtegund af rjómaís. Nær enginn þeirra hefði nokkurn tímann flutt mál fyrir dómstól og hefði þar af leiðandi ekki ræða nýja bragðtegund af rjómaís. Nær enginn myndi taka okkur alvarlega. Þetta skildi Mörður nú ekki alveg. Af hverju geta lögmanni ekki krafist betri kjara fyrir sig, þegar meira að segja prestarnir eru farnir að gera það? Aðrar stéttir eru í eilifri hagsmunabaráttu. Tími til kominn að lögmanni geri þetta einnig. Sama kvöld sagði Mörður sig úr Gallsteinunum. Gallsteinarnir héldu áfram að taka gallharða afstöðu gegn mannréttindabrotum á byggingaverkamönnum í Mið-Afríku, að berjast fyrir friðun furulúsarinnar og fyrir því að handritunum yrði skilgreint til Danmerkur vegna hækkanandi geymslukostnaðar hér heima o.s.frv.

Lögmannablaðið

# Viðhorfskönnum meðal lögmannna

Fyrir nokkru lauk úrvinnslu á svörum í Viðhorfskönnum meðal lögmannna, sem framför fyrir nokkrum vikum. Markmiðið með þessari viðhorfskönnum var að gefa lögönnunum kost á að tjá sig um nokkur álitaefni, er felast í tillögum um breytingar á lögjöf um lögmann og sem fjallað hefur verið um á vettvangi L.M.F.Í., í Lögmannablaðinu og á félagsfundum. Álitaefnum þessum var nánar lýst í inngangi að viðhorfskönnuminni. Stjórn L.M.F.Í. þótti jafnframt hentugt að nota tæki-færð og leggja fyrir lögmann nokkrar spurningar um hvaða skoðun félagsmenn almennt hafa á einstökum þáttum starfseminnar. Hér að neðan verður gerð grein fyrir svörum við þeim spurningum í könnuninni, sem lutu að lagabreytingartillögnum. Í næsta Lögmannablaði verður síðan gerð grein fyrir svörum við spurningunum um félagsstarfsemina.

## Framkvæmd könnunarinnar

Stjórn L.M.F.Í. leitaði ráðgjafar Stefáns Ólafssonar, professors við félagsvísindadeild Háskóla, um gerð könnunarinnar og framkvæmd hennar. Félagsvísindastofnun var falið að vinna úr þeim svörum sem bárust.

Spurningalistar voru sendir öllum félagsmönnum L.M.F.Í., 465 talsins, þann 10. janúar 1997. Með hverju spurningalista fylgdi umslag, með heiti félagsins og heimilisfangi, sem svarendur gátu sett ófrímerkt í póst. Með þessu fyrirkomulagi var leitast við að hvetja félagsmenn til þáttöku, í því skyni að fá sem flest svör og auka þannig gildi könnunarinnar.

Alls bárust 225 svör, sem er 48,5% svarhlutfall. Að mati félagsvísindastofnunar virðist ekki ástæða til að ætla að kerfisbundin skekkja sé í svörum, þar sem spurningalinnin var lagður fyrir alla félagsmenn. Megi því ætla að niðurstöðurnar gefi hugmynd um afstöðu lögmann yfirleitt.

Svör við spurningunum voru greind eftir tweimur breytum, annars vegar eftir starfsheiti (hdl. og hrl.) og hins vegar eftir stöðu (1. sjálftætt starfandi eða fulltrúi, 2. starfandi hjá fyrirtæki, stofnun eða félagsamtökum eða 3. hættur starfi).


## Starfsheiti og staða þátttakenda

Þeir sem sendu svör flokkuðust þannig eftir starfsheiti:

| Starfsheiti        | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall af þeim sem svara |
|--------------------|--------|----------|----------------------------|
| Héraðsdómslögmann  | 149    | 66,2     | 67,4                       |
| Hæstaréttarlögmann | 72     | 32,0     | 32,6                       |
| Svarar ekki        | 4      | 1,8      | -                          |
| Alls               | 225    | 100%     | 100%                       |

| Staða  | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall af þeim sem svara |
|--|--------|----------|----------------------------|
| Sjálfstætt starfandi/fulltrúar                         | 169    | 75,1     | 77,9                       |
| Starfandi hjá fyrirtæki/stofnun/félagasamtökum         | 40     | 17,8     | 18,4                       |
| Hættur starfi  | 5      | 2,2      | 2,3                        |
| Sjálfstætt starfandi og hjá fyrirtæki/stofnun o.s.frv. | 2      | 0,9      | 0,9                        |
| Í námi   | 1      | 0,4      | 0,5                        |
| Svarar ekki  | 8      | 3,6      | -                          |
| Alls   | 225    | 100%     | 100%                       |



Í könnuninni var spurt um viðhorf lögmannna til fyrirkomulags aga- og eftirlitsvalds, aðildar að L.M.F.Í., eignarhalds á lögmannastofum og öflun málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands. Svörin við þeim spurningum voru eftirfarandi:

## Fyrirkomulag aga- og eftirlitsvalds

Undir þessum lið voru gefnir fimm möguleikar til svara og jafnframt gefinn kostur á að svara hvort mönnum þætti viðkomandi möguleiki vera æskilegastur, næst bestur, eða merkja ekki við.

1. Agavald í böndum siðaneftndar á vegum L.M.F.Í., sem eingöngu væri skipuð félagsmönnum. Eftirlit í böndum stjórnar L.M.F.Í.

|                       | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall sem nefndi þennan lið |
|-----------------------|--------|----------|--------------------------------|
| Æskilegasti kostur    | 70     | 31,1     | 52,6                           |
| Næst besti kostur     | 63     | 28,0     | 47,4                           |
| Merkir ekki við þetta | 91     | 40,4     | -                              |
| Veit ekki             | 1      | 0,4      | -                              |
| Alls                  | 225    | 100%     | 100%                           |

2. Agavald í böndum siðaneftndar á vegum L.M.F.Í., sem skipuð væri lögönnunum og utanfélagsmönnum. Eftirlit í böndum stjórnar L.M.F.Í.

|                       | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall sem nefndi þennan lið |
|-----------------------|--------|----------|--------------------------------|
| Æskilegasti kostur    | 116    | 51,6     | 69,9                           |
| Næst besti kostur     | 50     | 22,2     | 30,1                           |
| Merkir ekki við þetta | 59     | 26,2     | -                              |
| Alls                  | 225    | 100%     | 100%                           |

3. Agavald í böndum opinberrar nefndar; skipaðri af dómsmálaráðberra. Eftirlit í böndum dómsmálaráðberra.

|                       | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall sem nefndi þennan lið |
|-----------------------|--------|----------|--------------------------------|
| Æskilegasti kostur    | 20     | 8,9      | 62,5                           |
| Næst besti kostur     | 12     | 5,3      | 37,5                           |
| Merkir ekki við þetta | 192    | 85,3     | -                              |
| Veit ekki             | 1      | 0,4      | -                              |
| Alls                  | 225    | 100%     | 100%                           |

4. Fyrirkomulag aga- og eftirlitsvalds óbreytt frá því sem nú er.

|                       | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall sem nefndi þennan lið |
|-----------------------|--------|----------|--------------------------------|
| Æskilegasti kostur    | 17     | 7,6      | 44,7                           |
| Næst besti kostur     | 21     | 9,3      | 55,3                           |
| Merkir ekki við þetta | 187    | 83,1     | -                              |
| Alls                  | 225    | 100%     | 100%                           |

5. Annað fyrirkomulag aga- og eftirlitsvalds en uppbefur verið talið.

|                       | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall sem nefndi þennan lið |
|-----------------------|--------|----------|--------------------------------|
| Æskilegasti kostur    | 5      | 2,2      | 62,5                           |
| Næst besti kostur     | 3      | 1,3      | 37,5                           |
| Merkir ekki við þetta | 216    | 96,0     | -                              |
| Veit ekki             | 1      | 0,4      | -                              |
| Alls                  | 225    | 100%     | 100%                           |

Samkvæmt framangreindum upplýsingum er yfngafandi meirihluti lögmannna því fylgjandi að aga- og

eftirlitsvaldi sé haldið innan L.M.F.Í., ýmist þá þannig að agavald verði í höndum siðaneftndar, sem skipuð er lögönnunum og utanfélagsmönnum og að eftirlitið verði í höndum stjórnar L.M.F.Í. (51,6%), að agavaldid verði í höndum siðaneftndar, sem eingöngu er skipuð lögönnunum og að eftirlitið verði í höndum stjórnarinnar (31,1%), eða að númerandi fyrirkomulagi sé haldið (7,6%). Þeir, sem telja að flytja eigi eftirlits- og agavaldid út fyrir félagið og stéttina, eru í miklu minnihluta (8,9%). Þá valdi 2,2% annað fyrirkomulag.

## Aðild að L.M.F.Í.

Spurt var um hvort menn væru fylgjandi eða andvígir almennri skylduaðild að L.M.F.Í. og hvort binda ætti skylduaðildina við lögbundið stjórnsýsluhlutverk, svo sem aga- og eftirlitslутverk félagsins.

1. Fylgjandi eða andvígur almennri skylduaðild?

|             | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall af þeim sem svara |
|-------------|--------|----------|----------------------------|
| Fylgjandi   | 144    | 64,0     | 67,0                       |
| Andvíg(ur)  | 71     | 31,6     | 33,0                       |
| Svarar ekki | 1      | 0,4      | -                          |
| Veit ekki   | 9      | 4,0      | -                          |
| Alls        | 225    | 100%     | 100%                       |

2. Fylgjandi eða andvígur að skylduaðild verði bundin við lögbundið stjórnsýsluhlutverk, svo sem aga- og eftirlitsvald?

|             | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall af þeim sem svara |
|-------------|--------|----------|----------------------------|
| Fylgjandi   | 92     | 40,9     | 66,7                       |
| Hlutlaus    | 19     | 8,4      | 13,8                       |
| Andvíg(ur)  | 27     | 12,0     | 19,6                       |
| Svarar ekki | 81     | 36,0     | -                          |
| Neitar      | 2      | 0,9      | -                          |
| Veit ekki   | 4      | 1,8      | -                          |
| Alls        | 225    | 100%     | 100%                       |

## Eignarhald á lögmannastofum og rekstur

Spurt var um hver eftirlinnin páttá á eignarhaldi og rekstri lögmannastofa þætti æskilegastur að væri við-hafður hér á landi.

|  | Fjöldi | Hlutfall | Hlutfall af þeim sem svara |
|--|--------|----------|----------------------------|
| Einungis lögmann eigi og reki stofur   | 163    | 72,4     | 76,5                       |
| Einungis lögmann og starfsfólk eigi og reki stofur                           | 17     | 7,6      | 8,0                        |
| Allir (t.d. endursk., bankar, tryggingafélög o.fl.) megi eiga og reka stofur | 26     | 11,6     | 12,2                       |
| Annað fyrirkomulag   | 7      | 3,1      | 3,3                        |
| Svarar ekki  | 2      | 0,9      | -                          |
| Veit ekki  | 10     | 4,4      | -                          |
| Alls   | 225    | 100%     | 100%                       |

## Öflun málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands

Loks var spurt um afstöðu manna til öflunar málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands, þ.e. hvaða reglur menn teldu eðlilegast að giltu um það efni.

| Fjöldi                           | Hlutfall | Hlutfall af þeim sem svara |
|----------------------------------|----------|----------------------------|
| Sömu reglur og í dag             | 43       | 19,1                       |
| Eftir almennum, hlutlægum reglum | 106      | 47,1                       |
|                                  |          | 19,5                       |
|                                  |          | 48,2                       |

|  |     |      |      |
|--|-----|------|------|
| Tekinn upp mætingarréttur, titlnir héraðsdóms-/hæstaréttarlögmaður felldir niður | 53  | 23,6 | 24,1 |
| Annað fyirkomulag  | 18  | 8,0  | 8,2  |
| Svarar ekki  | 5   | 2,2  | -    |
| Alls   | 225 | 100% | 100% |

Eins og fram kemur hér að framan voru svörin einnig greind eftir tveimur breytum, þ.e. starfsheiti svarenda og stöðu þeirra (sjálfstætt starfandi o.s.frv.). Plássins vegna verður ekki farið nánar út í þá greiningu í þessu tölublaði, en e.t.v. gefst betra tóm til þess síðar.

## Heiðursfélagar Lögmannafélags Íslands

Í tilefni af 85 ára afmæli Lögmannafélags Íslands, þann 11. desember 1996, voru félagini kjörnir tveir heiðursfélagar úr hópi lögmannna, þeir Guðmundur Pétursson, hrl. og Sveinn Snorrason, hrl. Þótti við hæfi að heiðra þessa tvo félagsmenn með þessum hætti, en báðir tóku þeir drjúgan þátt í félagsstörfunum á fyrri árum og eiga að baki langan og farsælan feril sem lögmann. Í hófi, sem

félagsmönnum og boðsgestum var heldið í húsnæði félagsins á afmælisdaginn, voru þeim afhent sérstök viðurkenningarskjöl af þessu tilefni.

Lögmannafélag Íslands hefur á undanförnum áratugum veitt nokkrum einstaklingum, félagsmönnum eða fyrrum félagsmönnum, þá viðurkenningu að velja þá sem heiðursfélagi og þeir Águst Fjeldsted, hrl. og Egill Sigurgeirsson, hrl., árið 1986.

Fjeldsted, hrl. og Sveinn Björnsson, forseti Íslands, en þeir voru kjörnir heiðursfélagar árið 1951. Á árinu 1971 voru kjörnir þrír heiðursfélagar, þeir Einar Baldwin Guðmundsson, hrl., Sveinbjörn Jónsson, hrl. og Theodór B. Líndal, professor og hrl. Árið 1979 var Rannveig Þorsteinsdóttir, hrl., kjörin sem heiðursfélagi og þeir Águst Fjeldsted, hrl. og Egill Sigurgeirsson, hrl., árið 1986.



Guðmundur Pétursson.




Sveinn Snorrason.




Lárus Fjeldsted.



Sveinn Björnsson.



Einar B. Guðmundsson.



Sveinbjörn Jónsson.



Theodór B. Líndal.



Rannveig Þorsteinsdóttir.



Águst Fjeldsted.



Egill Sigurgeirsson.

## Jónas Þór Guðmundsson, kennslustjóri lagadeilda H.I.

# Námstilhögun í lagadeild Háskóla Íslands



Jónas Þór Guðmundsson, kennslustjóri lagadeilda H.I.

Verulegar breytingar hafa verið gerðar á tilhögun náms við lagadeild Háskóla Íslands á undanförnum fimm árum. Mestu skiptir þar aukið valfrelsi stúdenta á síðari stigum námsins. Að beiðni ritstjóra verður hér að neðan gerð grein fyrir höfuðráttum gildandi námsskipunar.

### Ný námsskipan árið 1992

Núverandi námsfyrikomulag byggist á reglugerð nr. 102/1992, 2.-5. gr. Með henni voru gerðar grundvallarbreytingar á laganáminu, en teljandi breytingar höfðu þá ekki verið gerðar frá því árið 1970. Markmiðið var fyrst og fremst að auka fjölbreytni laganáms og gera stúdentum þannig kleift að sérhæfa sig og haga námi sínu meira eftir áhugasviðum en áður. Ákvæði reglugerðarinnar frá 1992 voru teknar óbreytt í reglugerð nr. 98/1993, 87.-89. gr., þegar háskólastreglugerðin nr. 78/1979, með áorðnum breytingum, var endurútfegin með nýju númeri. Ákvæðum reglugerðarinnar frá 1993 um laganám hefur verið breytt því vegis: með reglugerð nr. 118/1994, 3. gr., reglugerð nr. 122/1995, 1. og 2. gr., og reglug. nr. 118/1996, 6.-16. gr.

Nýja námstilhögunin gildir um stúdenta, sem innrituðu sig til náms að sumri 1993 eða síðar. Lagadeild getur þó heimilað, að stúdent, sem eldri reglur mundu annars gilda um, leggi stund á nám og gangist undir próf eftir nýju reglunum.

### Námsblutar og námstími

Samkvæmt hinni nýju skipan skiptist nám til embættisprófs í lögfræði í fjóra hluta. Í fyrstu premur hlutum námsins eru kenndar skyldugreinar, en nám í fjórða hluta er valfrjálst. Kennslu skal hagað

þannig, að unnt sé að ljúka hverjum af fyrstu premur hlutum námsins á einu háskólaári, en fjórða hluta á tveimur háskólaárum. Fyrsta, annað og þriðja námsár mynda þannig hvert sinn hluta, en fjórða og fimmsta námsár mynda saman einn hluta.

Um námstíma gilda þær reglur, að prófum í fyrstu premur hlutum skal ljúka á ekki lengri tíma en fimm árum og námi í fjórða hluta á ekki lengri tíma en premur árum.

### Kennslugreinar

Skyldugreinar eru þær sömu og lengst af hafa verið kenndar. Í 1. hluta eru kennslugreinar þrjár. Á haustmisseri er kennd almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, en á vormisseri samningaráettur og stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti. Heimspekileg forspjallsvísindi eru kennd á haustmisseri fyrsta árs, en skylt er að kenna þau í öllum deildum háskólans og skal einkunn vera veginn hluti af aðal-einkunn í samræmi við reglur hvorrar deildar. Í 2. hluta eru kennslugreinar fjórar og fer kennsla fram samfellt á haust- og vormisseri. Þessar greinar eru eignaréttur, sifja- og erfðaréttur, skaðabótarettur og stjórnslýsluréttur. Kennslugreinar í 3. hluta eru þrjár, kröfuréttur, refsíréttur og réttarfar, og fer kennsla í þeim fram samfellt á haust- og vormisseri. Í 4. hluta skal stúdent

ljúka prófi í 9 kjörgreinum og annað hvort vinna að lokaverkefni eða skrifa ritgerð um efni, sem hann velur í samráði við umsjónarkennara. Fyrir hver áramót ákveður lagadeild að minnsta kosti 18 kjörgreinar til kennslu í 4. hluta á næstu tveimur háskólaárum. Í reynd hefur stúdentum verið boðið að velja um mun fleiri kjörgreinar en 18. Pannig eru til dæmis 40 kjörgreinar í boði skólaárin 1997-8 og 1998-9. Kennsla í hverri kjörgrein fer fram á einu misseri. Stúdent er í sjálfsvaldi sett, hversu mörgum kjörgreinum hann lýkur á einstökum misserum.

### Kjörgreinar í boði 1997-8 og 1998-9

Pessar kjörgreinar eru í boði 1997-8 og 1998-9, sumar bæði skólaárin, aðrar aðeins annað þeirra: Almennur viðskiptaréttur, alþjóðlegar mannréttindareglur, alþjóðlegur einkamálaréttur, alþjóðlegur höfundaréttur, alþjóðlegur refsíréttur, auðkennaréttur, einkaleyfi og hönnunarvernd, enskt og bandarískt lagamál, evrópuréttur I, evrópuréttur II, fasteignakauparéttur, félagaréttur I, félagaréttur II, félagsmálaréttur, fjármuna- og efna-hagsbrot, fjölmíðolaréttur, hafréttur I, hafréttur II, hagnýtur viðskiptabréfaréttur og ábyrgðir, hlutverk dómarar og lögmannar við meðferð einkamála og opinberra mála, höfundaréttur, innlendir og erlendir samkeppnisréttur, leiguréttur, rekstrarhagfræði, réttarheimspeki, réttarsaga, samanburðarlögfræði, skattaréttur, skuldaskilaréttur, starfsmannaréttur, stjórnslýsluréttur, umhverfisrefsíréttur, umhverfisrefsíréttur, vátryggingaréttur, veðréttur, verk-takaréttur, viðurlög/viðurlagapólitík, vinnumarkaðsréttur I, vinnumarkaðsréttur II og þjóðaréttur.

## Val kjörgreina og ritgerðasmíð

Val kjörgreina fer fram með þeim hætti, að stúdent, sem hyggst hefja nám í 4. hluta að hausti, velur í árlegri skráningu stúdenta í námskeið og próf að vori, kjörgreinar til náms á fjórða ári. Í lok fjórða námsárs velur stúdent á sama hátt kjörgreinar til náms á fimmta ári. Kjörgrein er ekki kennd, ef skráðir nemendur eru færri en 7 við lok innritunarfrests. Stúdent, sem valið hefur kjörgrein sem uppfyllir ekki skilyrði um lágmarksfjölda stúdenta að innritunarfresti liðnum, skal velja kjörgrein að nýju. Reynslan sýnir, að á bilinu 8 til 14 kjörgreinar eru kenndar á misseri.

Stúdent velur ritgerðarefní eða lokaverkefni og umsjónarkennara samhlíða vali á kjörgreinum fyrir fjórða eða fimmta námsár, eftir því hvenær hann hyggst hefja vinnu við ritgerðina eða lokaverkefnið. Ritgerð skal að jafnaði vera 40-60 blaðsíður miðað við eðlilegt efnismagn á síðu. Hámarkslengd er 100 blaðsíður. Í vissum tilvikum getur umsjónarkennari leyft frávik frá þessu. Pannig má stúdent, ef sérstaklega stendur á, skila tveimur ritgerðum í stað einnar, en ekki skal það raska þeiri heildarlengd, sem ella hefði gilt. Einnig er tveimur stúdentum eða fleiri heimilt að vinna saman að ritgerðarsmið, er báðir fái einkunn fyrir. Slík ritgerð skal vera 80-120 blaðsíður, en að hámarki 200 síður.

## Nám í kjörgreinum við erlenda háskóla

Lagadeild getur heimilað, að nám við aðra háskólaeild eða annan háskóla komi að einhverju eða öllu leyti í stað kjörgreina eða ritgerðar í 4. hluta. Miðað er við, að stúdent geti leyst af hendi allt að tveggja missera nám með þessum hætti, allt eftir atvikum hverju sinni. Nýja námskipanin rýmkar þannig mjög möguleika laganema að stunda hluta náms síns við erlenda háskóla, til dæmis á Nordplus- og Erasmus-styrkjakerfunum. Á skólaárinu 1996-7 leggja 14 stúdentar

stund á nám við erlenda háskóla, 7 á Norðurlöndunum, 6 annars staðar í Evrópu og 1 í Bandaríkjunum.

## Próf

Eitt skriflegt próf er haldið í hverri námsgrein. Heimilt er þó að ákvæða hverju sinni, að próf verði munnleg í einstökum greinum í 4. hluta náms. Samkvæmt lauslegri athugun sýnast munnleg próf hafa verið heldur fleiri en skrifleg þann tíma, sem próf hafa verið haldin í 4. hluta á grundvelli nýja námsfyrirkomulagsins.

Ein einkunn er gefin fyrir hvert próf og eru þær gefnar í heilum, eða heilum og hálfum tölum á bilinu 0 til 10. Fyrir próf í hverri kjörgrein er þó gefin einkunn, sem hefur hálft vægi á við aðrar einkunnir við embættispróf. Einkunn fyrir ritgerð eða annað lokaverkefni hefur tvöfalt vægi. Til þess að standast próf þarf einkunnina 7,0 í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, en 6,0 í öðrum greinum, hverri fyrir sig. Einkunn á prófi í heimspekilegum forspjallsvísindum vegur 20% af einkunn í almennri lögfræði. Aðal-einkunn er vegið meðaltal allra einkunna til embættisprófs og reiknast með tveimur aukastöfum.

Próftímabil í 1., 2. og 3. hluta eru almennt tvö, í maí og um mánaðamótin ágúst/september. Próf í almennri lögfræði er þó haldið í janúar og að vori og próf í heimspekilegum forspjallsvísindum í desember og að vori. Próf í kjörgreinum 4. hluta eru haldin í desember og apríl.

Stúdent er ekki skyld að gangast undir próf í öllum greinum misseris, eða eftir atvikum árs, á sama próftímabili. Sérreglur gilda um próf í almennri lögfræði og heimspekilegum forspjallsvísindum. Stúdent er heimilt að hefja nám í 2., 3. eða 4. hluta, enda þótt hann eigi ólokið prófi í einni námsgrein næsta hluta á undan. Stúdent er þó ekki heimilt að hefja nám í 2. hluta, nema hann hafi áður staðist próf í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu. Prófi í greininni, sem ólokið er, skal stúdent ljúka, áður en hann hefur

nám í næsta hluta þar á eftir. Ekki er hægt að ljúka ritgerð eða öðru loka-verkefni, nema áður hafi verið lokið prófi í minnst 6 kjörgreinum.

Heimilt er að endurtaka próf í almennri lögfræði og ágripi af réttarsögu einu sinni, í samræmi við almennar reglur háskólans um endurtekningapróf. Stúdent, sem hefur lokið prófi í almennri lögfræði, er ekki heimilt að gangast oftar en fjórum sinnum undir sama próf.

Heimildin til að hefja nám í hluta, enda þótt ólokið sé prófi í einni námsgrein næsta hluta á undan, og fjöldi próftilrauna takmarkast af reglum um tímamörk í námi.

## Aefingaskylda og námsvist

Um aefingaskyldu stúdenta gilda nú reglur frá 23. janúar 1996. Samkvæmt þeim er heimilt að leggja fyrir stúdenta að leysa allt að tveimur aefingum í hverri kennslugrein í 1., 2. og 3. hluta, á meðan þeir stunda nám í hverjum hluta. Fullnægjandi árangur í aefingu er skilyrði fyrir að stúdent gangist undir próf í viðkomandi grein. Stúdentar, sem stunda nám í 4. hluta, skulu skila a.m.k. tveimur úrlausnum raunhæfra verkefna, á meðan þeir eru við nám í þeim hluta.

Um námsvist stúdenta utan lagadeilda voru settar reglur 23. janúar 1996. Í þeim er stúdent gert skylt, eftir að hafa lokið prófum í 2. hluta og áður en hann lýkur námi, að starfa undir handleiðslu lögfræðings í starfi, þar sem reynir á lögfræðileg atriði, í að minnsta kosti 2 mánuði.

## Kjörgreinar í lagadeild og endurmenntun lögmannna

Í samkeppni um verkefni og störf í þjóðfélaginu munu lögfræðingar standa og falla með menntun sinni, bæði innbyrðis, hver gagnvart öðrum, og út á við, gagnvart öðrum starfsstéttum. Hið nýja námsfyrirkomulag í lagadeild býður upp á mikla möguleika varðandi endur- og símenntun lögfræðinga, þ. á m. lögmannna. Þau mál eru nú til athugunar í lagadeild og hjá félögum lögfræðinga.

# Lög Hollvinafélags lagadeilda Háskóla Íslands

## 1. gr.

Félagið heitir Hollvinafélag lagadeildar Háskóla Íslands.

## 2. gr.

Hlutverk félagsins er að efla kennslu og rannsóknir við lagadeild Háskóla Íslands og auka og styrkja tengsl deildarinnar við fyrrum nemendur sína og aðra pá, er bera hag hennar fyrir brjösti.

## 3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því meðal annars:

1) Að vera vettvangur fyrir og stuðla að umræðum um laganám, kennslu og rannsóknir í lögfræði.

2) Að gera tillögur að kennslupáttum og rannsóknarverkefnum.

3) Að leita eftir stuðningi við kennslu og rannsóknir í lögfræði hjá einstaklingum og lögaðilum.

## 4. gr.

Allir einstaklingar og lögaðilar geta gerst félagar í Hollvinafélagi lagadeilda með því að greiða árgjald til félagsins, kr. 1.500 að lágmárti.

Félagsmenn teljast sjálfkrafa félagar í Hollvinasamtökum Háskóla Íslands og skulu kr. 500 af félagsgjaldi þeirra renna til samtakanna.

## 5. gr.

Tekjur félagsins skulu vera:

1) Árgjald félagsmanna.

2) Frjáls framlög félagsmanna eða annarra.

3) Aðrar tekjur, sem til kunna að falla.

Tekjum félagsins skal varið til eflingar kennslu og rannsóknar við lagadeild. Frjáls framlög má merkja ákvæðinni starfsemi eða tilteknun verkefni.

## 6. gr.

Reikningsár félagsins er á milli aðalfunda.

## 7. gr.

Aðalfundur hefur aðeinsta vald í málfnum félagsins. Aðalfund skal halda í september ár hvort. Til hans skal boða alla félagsmenn, skriflega og með auglýsingu í fjölmöldi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi, nema annars sé getið í lögum þessum. Hver félagi hefur eitt

kvæði óháð því, hvert framlag hans til félagsins er.

## 8. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1) Skýrsla og reikningar stjórnar fyrir liðið starfsár.

2) Umræður um skýrslu og reikninga.

3) Lagabreytingar.

4) Kosning stjórnar fyrir komandi starfsár.

5) Kosning tveggja endurskoðenda.

6) Önnur mál.

## 9. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess sampykki 2/3 hluta fundarmanna.

## 10. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn: Formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Stjórnin er kjörin til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

## 11. gr.

Heimilt er lagadeild að bjóða formanni félagsins að sitja deildarfundi með málfreli og tillögurétti. Formður

ur á sæti í fulltrúaráði Hollvinasamtaka Háskóla Íslands.

## 12. gr.

Stjórn félagsins ræður málfnum þess með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvæðanir um starfsemi þess, heldur skrá yfir félaga og framlög og ráðstafar óskilyrtum framlögum. Kennslustjóri lagadeilda hefur rétt til að sitja stjórnarfundi.

## 13. gr.

Ráðgjafaráð félagsins skal skipað að minnsta kosti tuttugu mönnum, sem stjórn þess tilnefnir. Hlutverk ráðsins er meðal annars að móta hugmyndir að kennslupáttum og rannsóknarverkefnum, sem styrkja má, og gera tillögur um fjárlöfun fyrir félagið. Ráðgjafaráðið skal koma saman eigin sjaldnar en einu sinni á ári. Stjórn félagsins boðar til funda og skal formaður hennar stjórnar beim. Kennarar og kennslustjóri lagadeilda, svo og fulltrúi Orators, félags laganema, hafa rétt til að sitja fundi ráðsins.

## 14. gr.

Verði félagini slitið, skulu eignir þess renna til lagadeilda.

## Hollvinafélag lagadeilda Háskóla Íslands

Hollvinafélag lagadeilda Háskóla Íslands var stofnað sunnudaginn 16. febrúar 1997 að frumkvæði lagadeilda. Hlutverk félagsins er skv. lögum þess að efla kennslu og rannsóknar við lagadeilda og að auka og styrkja tengsl deildarinnar við fyrrum nemendur sína og aðra pá, sem bera hag hennar fyrir brjösti.

Á stofnfundinum 16. febrúar var kosin fyrsta stjórn félagsins. Hana skipa Birgir Ísliefur Gunnarsson, seðlabankastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, Garðar Gíslason, hæstaréttardómari, Lára V. Júlíusdóttir, hdl., Tryggvi Þórhallsson, deildarstjóri í dómssmálaráðuneytinu og Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.

Samkvæmt lögum félagsins tilnefnir stjórn þess svokallað Ráðgjafaráð, sem skipað skal minnsta 20 mönnum. Hlutverk þess er m.a. að móta hugmyndir að kennslupáttum og rannsóknarverkefnum og gera tillögur um fjárlöfun fyrir félagið.

Allir einstaklingar og lögaðilar geta gerst félagar í Hollvinafélaginu með því að greiða árgjald, minnsta 1.500 krónur. Hægt er að skrá sig sem félaga í síma 551-4374 eða bréf síma 551-4911.

**Hægt er að gerast stofnfélagi til 25. mars n.k.**

# Erlendar ráðstefnur og námskeið á næstu mánuðum

10.-11. mars 1997: **Rethinking the Law Firm**, í Amsterdam, á vegum International Bar Association (Section on General Practice) og The American Bar Association.

17.-21. mars 1997: **English for Lawyers - Intensive English language training programmes for international lawyers**, haldið í London á vegum Institute of Advanced Legal Studies.

20.-22. mars 1997: **Enforcement of Environmental Law in Europe: Challenges and Future Developments**, haldið í Kaupmannahöfn á vegum IBA (Section on Business Law).

17.-18. apríl 1997: **Telecommunication Services and Competition Law in Europe**, haldið í Cannes í Frakklandi, á vegum IBA (Section on Business Law).

20.-23. apríl 1997: **International Intellectual Property Law**, haldið í Reading á Englandi, á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

20.-25. apríl 1997: **International Mergers and Acquisitions Week**, í Reading á Englandi, á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

22.-25. apríl 1997: **Drafting Contracts using English as the Contract Law and Language**, í Reading á Englandi, á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

23.-25. apríl 1997: **The 13th International Marine Insurance Seminar**, í London, á vegum Lloyd's of London.

5.-6. maí 1997: **Brussels/Lugano Revisited**, í Kaupmannahöfn, á vegum IBA (Section on Business Law (International Litigation Committee)).

7.-9. maí 1997: **The 9th International Marine Cargo Claims Seminar**, í London, á vegum Lloyd's of London.

19.-20. maí 1997: **Oil and Gas in the Next Millennium**, í Egham í Englandi, á vegum International Bar Association (Section on Energy and Natural Resources Law).

26.-27. maí 1997: **Infrastructure Projects**, í Eilat í Israel, á vegum International Bar Association (Section on Business Law).

11.-13. júní 1997: **IBA 50 ára**. Ráðstefna haldin í New York. Á ráðstefnum verður fjallað um eftirtaln efni: **The Global Capital Market: What Next? - World Communications: Where is Technology Leading us? - Challenges Facing Resource Development - The Legal Profession and Human Rights**.

16.-20. júní 1997: **English for Lawyers - Intensive English language training programmes for international lawyers**, haldið í London á vegum Institute of Advanced Legal Studies.

30. júní - 11. júlí 1997: **Introduction to Legal English**, haldið í The George Washington University Law School, á vegum The International Law Institute.

13.-18. júlí 1997: **International Environmental Law**, haldið í Reading á Englandi á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

13. júlí - 9. ágúst 1997: **Orientation in USA Law**, á vegum University of California, Davis.

14. júlí - 8. ágúst 1997: **Orientation in the US Legal System**, haldið í The George Washington University Law School, á vegum The International Law Institute.

15.-19. júlí 1997: **English Language for Lawyers**, í Reading á Englandi, á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

10.-23. ágúst 1997: **Advanced USA Law - Structuring an International Joint Venture**, á vegum University of California, Davis.

24.-28. nóvember 1997: **English for Lawyers - Intensive English language training programmes for international lawyers**, haldið í London á vegum Institute of Advanced Legal Studies.

Einnig hafa borist bæklingar frá **University of Wisconsin** og **Franklin Pierce Law Center** um lengri námskeið og framhaldsnám í lögum í Bandaríkjunum. Þá er á skrifstofunni bæklingur frá **Europäische Rechtsakademie Trier**, en á vegum akademíunnar er boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða og ráðstefna í Evrópurétti, sem haldin eru viðs vegar í Evrópu. Kennt er á einu eða fleirum tungumálum, með eða án túlkunar.

Ljósrit kynningarbæklinga er hægt að fá á skrifstofu L.M.F.I.

*Pórunn Guðmundsdóttir, brl.*

# Kynlegur rekaviður

**Pórunn  
Guðmunds-  
dóttir, brl.**



Nýlega rak á lögmannsfjörur mínar skjal, sem bar yfirskriftina skilnaðarsamkomulag. Um var að ræða samning, sem hjón, sem voru að skilja að borði og sæng, höfðu undirritað um fyrirkomulag eignaskipta, forsjá barna sinna og umgengni með þeim. Hjónin höfðu fyrir skilnaðinn leitað til hjúskaparráðgjafa með það markmið að reyna að bæta hjónaband sitt. Niðurstaðan varð þó sú að hjónin ákváðu að skilja og tók ráðgjafinn, sem var félagsráðgjafi með löggiltan meðferðarrett, að sér að ganga frá skilnaðarsamkomulaginu.

Skemmt er frá að segja að skilnaðarsamkomulag þetta hélt hvorki vatni né vindi. Var það einkum að því er varðaði eignaskiptingu. Hefði þetta samkomulag gengið estir hefði konan borði verulega skarðan hlut frá borði. Nokkrar eignir voru skráðar á manninn, svo sem hlutabréf og fyrirtæki, án pess að minnst væri á þær í samkomulaginu. Þá var ekki gert ráð fyrir því að maðurinn greiddi konunni lifeyri en maðurinn var með sjöfaldar tekjur á við hana. Við endurskoðun á samkomulaginu félst maðurinn á venjuleg helmingaskipti og voru þar allar eignir dregnar undir, auk þess sem samkomulag náðist um skiptingu skulda og greiðslu lifeyris til handa konunni. Fyrra samkomulagið bar með sér að það hefði gert aðili, sem hvorki hafði þekkingu, reynslu né menntun til að gera slíka samninga. Ég spurðist fyrir um það hjá sífjadeild sýslumannsembættisins í Reykjavík hvort algengt væri að komið væri með skilnaðarsamninga, sem gerðir væru af öðrum aðilum en lögmönnum. Sem betur fer er það ekki algengt. Oft er það að vísu svo að hjónin sjálf hafa gengið frá

... þessir sömu aðilar gera sér enga grein fyrir ábyrgðinni sem felst í slíkri samningsgerð.

Skilnaðarsamningar eru í engu frábrugðnir öðrum samningum að því leyti til að mikilvægt er að vandað sé til þeirra í einu og öllu. Þegar aðilar, sem ekki hafa til pess reynslu eða þekkingu, ganga frá slíkum samningum, er ljóst að þessir sömu aðilar gera sér enga grein fyrir ábyrgðinni sem felst í slíkri samningsgerð. Þeir geta auðveldlega bakað sér bótaskyldu ef illa tekst til.

Ég sá einnig nýlega skjal, sem verðbréf fyrirtæki hafði tekið að sér að ganga frá. Skjalið átti bæði að vera erfðaskrá og allsherjarumboð. Orðið erfðaskrá kom hvergi fyrir í skjalinu, en með góðum vilja mátti lesa út úr því að um erfðaskrá var að ræða. Konan, sem undirritaði skjalið, taldi sig vera að ganga frá fullgildri erfðaskrá. Þá frétti ég einnig nýlega af dánarbúi, sem endurskoðandi hafði tekið að sér að skipta, en erfingarnir höfðu

fengið einkaskiptaleyfi. Endurskoðandinn hafði greitt erfingjunum út arfinn án þess að gera ráð fyrir því að standa þyfti skil á skuldum.

Það er algengt að ýmsar stéttir, sem hafa ekki næga þekkingu, taki að sér störf, sem áður voru einvörðungu unnin af lögmönnum. En hvað er til ráða? Viðbrögð míin t.d. við osangreindum skilnaðarsamningi var að rita formanni Stéttarfélags félagsráðgjafa bréf og veikja athygli félagsins á málinu. Ég hafði einnig samband við félagsráðgjafann, sem hlut átti að máli og hef átt vinsamleg samtöl við hann út af þessu. Að vísu sagðist hann hafa fullyrt við bæði hjónin að samningurinn hefði ekkert lagagildi! Hjónin töldu hins vegar bæði að þau hefðu skrifð undir fullgildan samning. Ég tel að lögmenn verði að bregðast hart við ef þeir verða varir við svona skjalagerð. En spurningin er, hvað getum við gert? Auglýsingar, þar sem athygli almenningars er vakín á þessu, gætu orkað tvímælis. („Varist félagsráðgjafa, sálfræðinga og endurskoðendur“). Fróðlegt væri að heyra skoðanir lögmanna á þessu hér í blaðinu.

# Samráðsfundur fulltrúa L.M.F.Í. og Dómarafélags Íslands

**A**dómarapindi í nóvember flutti formaður L.M.F.Í., Þórunn Guðmundsdóttir, hrl., kveðju lögmanna til dómara. Um leið lagði formaðurinn til að teknir yrðu upp regluglegir samráðsfundur fulltrúa L.M.F.Í. og Dómarafélags Íslands, þar sem rædd yrðu ýmis mál afvarða samskipti lögmanna og dómara. Af hálfu dómara var tekið vel í þessa tillögu.

Fyrsti fundur af þessu tagi var haldinn 10. janúar s.l. Á fundinum var m.a. rætt um hið sívinsæla efni, málkostnaðarákvárdanir dómara,

en fulltrúar L.M.F.Í. töldu þörf á meiri umræðu um þau mál. Fram kom að e.t.v. mætti birta aftur þingreglur Héraðsdóms Reykjavíkur, sem sampykktar voru í mars 1993 og birtar í Fréttabréfi L.M.F.Í. stuttu síðar. Er reglurnar að finna annars staðar í blaðinu.

Rætt var um skiptastjórn í þrótabúum. Ástandið á því svíði er í ágætu horfi en fram kom þó að sumir skiptastjórar mættu ljúka skiptum í sumum þrótabúum fyrir en gert er. Að minnsta kosti virtust ekki vera neinar haldbærar skýringar á töfum, sem væru á skiptalokum.

MM

## Pingreglur Héraðsdóms Reykjavíkur

Pingreglur Héraðsdóms Reykjavíkur voru sampykktar á fundi dómara við embætti þann 10. mars 1993, að undangenginni umsögn stjórnar L.M.F.Í.

1. Dómandur mæti stundvislega til dómpings og gæti þess að það byrji á boðuðum tíma. Dómping skal sett í síðasta lagi 5 mínútum eftir boðaðan tíma.

2. Embættisdómandur beri skilkjur í þinghöldum í dómsölum. Dómandur séu snyrtilegir til fara, þeir noti ekki inniskó í dómsölum. Í dómsölum noti karlmenn hlástau, bindi eða slaufu.

3. Dómandur gangi fyrst í dómsalinn og setjist. Vilji þeir koma síðastir sé dómvandi falið, ádur en þinghald hefst, að vísa timanlega í salinn óðrum, sem eiga að vera viðstaddir. Dómvörður visar lögmannum og aðilum til sætis, hvort sem dómandur koma inn fyrstir eða síðastir. Viðstaddir risi úr sætum þegar dómandur ganga í dómsalinn.

4. Sóknaraðili/lögmaður sóknaraðili/ákærandi sitji við borð hægra megin í salnum frá dómandum sér, en varnaraðili/ákærði/lögmaður varnaraðila/verjandi vinstra megin. Verjandi/lögmaður varnaraðila sitji alltaf nær ritaranum. Sé ákærði/varnaraðili einn sitji hann í stólnum fjer ritara.

5. Dómping sé sett og því slitið með aferandi hætti, t.d. með hamarshöggi.

6. Dómarí geri kunnugt hvaða mál að taka fyrir.

7. Málflyttjendur kynni sig í upphafi þinghalds með nafni og stöðu, á hvers vegum peir séu mættir og í hvaða tilgangi.

8. Dómandur og málflyttjendur ávarpi hver annan í þriðju persónu í samræmi við það hlutverk sem hver og einn gegnir í málunum. Ákærði/kærði/vitni og aðilar séu að jafnaði þéraðir eða ávaraðir í þriðju persónu.

9. Ákærandi risi úr sæti og lesi þar ákeru eða kynni með óðrum hætti svo og í stuttu mál pað sem liggur að baki útgáfu hennar. Sama á við þegar mál er forflutt.

10. Ákærði/kærði sé að jafnaði yfirheyður úr sæti sínu, en ekki við vitnaborð.

11. Sé unnninn eiður eða drengskapheit, standi allir viðstaddir. Að eiðivinningu lokinni setjist dómandur fyrst, en aðrir viðstaddir strax á eftir.

12. Ritari dómsins lesi upp bókanir ef dómarí ákveður.

13. Þeir sem flytja mál geri það standandi við ræðupúlt á vitnaborði.

14. Þegar ákærði eða aðili vill tala sjálfur í lok málflutnings geri hann það standandi við sæti sitt en ekki við ræðupúltið.

15. Við uppkvaðningu dóma og úr-

kom að e.t.v. mætti birta aftur þingreglur Héraðsdóms Reykjavíkur, sem sampykktar voru í mars 1993 og birtar í Fréttabréfi L.M.F.Í. stuttu síðar. Er reglurnar að finna annars staðar í blaðinu.

Rætt var um skiptastjórn í þrótabúum. Ástandið á því svíði er í ágætu horfi en fram kom þó að sumir skiptastjórar mættu ljúka skiptum í sumum þrótabúum fyrir en gert er. Að minnsta kosti virtust ekki vera neinar haldbærar skýringar á töfum, sem væru á skiptalokum.

## Nokkrar álitsgerðir stjórnar L.M.F.Í. á árinu 1996

**T**öluverður fjöldi kæru- og ágreiningsmála berst til stjórnar L.M.F.Í. á hverju ári. Í sumum tilvikum eru mál afturkölluð eða þeim er vísað frá, m.a. vegna þess að sakarefnid þykir ekki falla undir valdsvið stjórnarinnar. Flestum málum lýkur hins vegar með efnislegri afgreiðslu, stundum með bókun í gerðarbók en oft með sérstökum álitsgerðum.

Á árinu 1996 bárust allmögur erindi til stjórnarinnar og jafnframt voru afgreidd nokkur erindi frá árinu þar á undan. Í marshefti Lögmannablaðsins í fyrra var gerð grein fyrir nokkrum málum, sem stjórnin fjallaði um. Í þessu blaði og næstu tölublöðum Lögmannablaðsins verða raktar niðurstöður í nokkrum kæru- og ágreiningsmálum, sem stjórnin hefur fjallað um.

### Óvandaður undirbúningur máls - málkostnaður lækkaður

Í ágreiningi skjólstæðings og lögmanns hans um málflutningsstörf lögmannsins og áskilda þóknun hans var hæfileg þóknun talin lægri en lögmaðurinn áskildi sér.

Fram kom í málí þessu að fella þurfti dómsmál skjólstæðings lögmannsins gegn stefnda niður þar sem undirbúningi hafi verið verulega áfatt af hálfu lögmannsins. Í dóminum var m.a. tekið fram að „(v)arðandi breytta kröfugerð stefnenda er þess að geta að engar málsástæður hafa verið lagðar fram eða rök til stuðnings þeiri kröfum eða á annan hátt gerð grein fyrir á hverju krafan er byggð. Ekki þykir ástæða til að rekja málavexti máls þessa nánar enda eru þeir ekki raktir í stefnu eða greinar-gerð. Eins og að framan er rakið er kröfugerð í málí þessu mjög óljós af hálfu stefnenda og mjög á reiki bvers krafist er. Eins og ádur segir skortir mjög á rökstuðning fyrir

hafði ádur hafnað vegna skorts á nánari upplýsingum um hvern þeirra. Að mati stjórnar L.M.F.Í. bar L að reyna að upplýsa F um reikningana og að leysa úr þeim ágreiningsefnum, er upp kynnu að koma. Taldi stjórnin að L hefði ekki verið rétt að ráðstafa fjármunum til greiðslu reikninga sinna eins og hann gerði. Hins vegar hefði honum verið heimilt að halda eftir nægu fé til tryggingar greiðslu reikninganna, sbr. 2. mgr. 14. gr. síðareglananna.

Í umfjöllun um reikningana var m.a. talið að L yrði að halda sig við hagsmunatengingu þóknunar, sem hann hafði byggt kröfu sína gagnvart skuldara á, og að hann gæti ekki einhliða breytt viðmiðuninni í tímajaldi síðar meir. Þá taldi stjórnin, í umfjöllun um annan reikning, að L gæti ekki reiknað suma þætti þóknunar í innheimtumáli skv. hagsmunatengdri gjaldskrá og suma skv. tímaskráningu, nema um það hefði verið gerður sérstakur áskilnaður fyrirfram. Í því málí var einnig talið að L gæti ekki reiknað málflutningsþóknun út frá hagsmunum málsins, eins og þeir voru rúmlega tveimur árum eftir dómtökum þess. Eðlilegra væri að miða við hagsmunina á dómtökudegi, eins og kveðið var á um í gjaldskrá L.M.F.Í., sem þá gilti.

Í einu tilviki var reikningur fyrir lögfræðibjónustu ekki gerður fyrir en þemur árum eftir að verkið var unnið. F mótmælti reikningnum á þeim grunni að langt væri um liðið síðan þjónustan var innt af hendi. Stjórn L.M.F.Í. taldi það ekki eiga að leiða til þess að L missti rétt sinn til þóknunar, enda væri krafan ekki fyrnd. Var fallist á reikninginn, en ekki höfðu verið gerðar tölulegar athugasemdir við hann.

Í umfjöllun um two reikninga var gerð sérstök athugasemd um mála-

gjald, kr. 300 í hvoru máli, sem L áskildi sér úr hendi F. Bentí stjórn L.M.F.Í. á að málagjaldið greiðist af lögmönnum sjálfum skv. samþykktum félagsins en ekki af viðskiptamönnum peirra eða gagnaðilum.

### **Póknun fyrir aðstoð við samningsgerð á erlendu tungumáli**

Lögmanninum L var falið að fara yfir og veita ráðgjöf um samning milli A og erlendar stofnunar. L notaði tímagjaldsviðmiðun og fóru 14,5 tímar í verkið. Reikningurinn nam kr. 81.236, þ.m.t. virðisaukskattur.

A taldi of mikinn tíma hafa farið í verkið og vinna L hefði verið að miklu leyti tímaeyðsla. Samkvæmt upplýsingum annars lögræðings hefði eðlilegur tímafjöldi verið 2-5 klst. L kvaðst hafa upplýst A um að greitt yrði fyrir verkið skv. tímaskráningu og að áætlaður verktími væri ca. 10 klst. Í greinargerð L kom m.a. fram að erfiðlega hafi gengið að fá gögn í málinu, m.a. vegna tregðu hinnar erlendu stofnunar um að afhenda gögnin og vegna sumarleyfa starfsmanns þar. L taldi ljóst að verkefni sitt hefði verið að ganga frá samningstextanum en ekki að tryggja A greiðslur umfram það sem viðsenjandi A bauð í upphafi.

Í niðurstöðu stjórnar L.M.F.Í. kom m.a. fram að verkefni L hefði falist í nokkrum samskiptum við hina erlendu stofnun, fyrispurnum og yfirlestri gagna á erlendu tungumáli. Þegar um lögræðilegan texta væri að raða skipti miklu máli að kanna vel innihald hans og þýðingu. Búast mætti við meiri tíma í verk þegar unnið væri með texta á erlendu tungumáli. Með hliðsjón af pessu og framkomnum gögnum og sjónarmiðum aðila félst stjórn L.M.F.Í. á reikning L, enda teldist póknunin ekki vera ósanngjörn.

### **Meint vanræksla við frágang kaupsamnings**

A leitaði til stjórnar L.M.F.Í. og bað um álit á því hvort tiltekinn

lögmaður, L, hefði vanrækt skyldur sínar sem opinber sýslunarmaður við frágang kaupsamnings um bát, sem A seldi. Þá var beðið um álit um það hvort L hefði bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart A.


Leitað var til L frá fyrirtækinu T og hann beðinn að ganga frá kaupsamningi um bát ásamt nauðsynlegum skjölum þar að lútandi. Fyrirtækið T hafði milligöngu um kaupin og voru seljandi og kaupandi sammála um flest það, sem að þeim laut.

A taldi L hafa vanrækt skyldur sínar sem lögmaður við gerð kaupsamningsins, með því að hafa ekki kannað fyrirfram veð, sem hvíldu á fasteign, sem veðsett var fyrir hluta af kaupverði bátsins. Eftir gerð kaupsamningsins kom í ljós að áhvílandi veð höfðu verið í vanskilum alllengi. Tryggingin sem A taldi sig hafa í fasteignaveðinu reyndist því haldlaus þegar fasteignin var sold nauðungarsölu. A kvaðst hafa treyst því að L hefði kynnt sér hagi kaupanda bátsins eftir því sem nauðsynlegt og eðlilegt væri í slíkum viðskiptum. A hefði aldrei gengið til samningsgerðar ef hann hefði vitað um vanskil kaupandans. L hefði þannig valdið sér verulegu fjárhagstjóni í lögmannsstörfum sínum.

L hélt því fram að hann hefði verið beðinn að gera T þann greiða að ganga frá kaupsamningum og þemur skuldabréfum í tengslum við hann, með mjög skömmum fyrirvara, enda legði seljandi (A) áherslu á að gengið yrði frá samningnum strax. Tilboð hefði verið samþykkt 5 dögum áður og samningsaðilar hefðu kynnt sér öll gögn um sölnuna. Gögn hefðu legið fyrir um íbúðina og áhvílandi veð, en auk þess hefði kaupandi ætlað að koma með fleiri kvitánir þegar gengið yrði frá kaupsamningnum. L kvaðst ekki hafa fengið greitt fyrir störf sín frá A heldur hefði hann gert T reikning að fjárhæð kr. 25.000 auk virðisaukskatts.

Í upphafi álits síns tók stjórn L.M.F.Í. fram að það lægi utan

valdsviðs hennar að tjá sig beinlínis um það hvort lögmaður hefði bakað sér bótaskyldu með athöfnum sínum eða athafnaleysi. Mat á sliki heyrði undir almenna dómstóla landsins. Hins vegar gæti stjórnin gefið álit sitt um það hvort hún teldi lögmann hafa sinnt starfsskyldum sínum með eðlilegum hætti, svo að samrýmdist góðum lögmannsháttum, enda mætti telja málssatvik nægilega upplýst. Í álitsgerðinni var bent á það að ljóst væri að sala bátsins hefði ekki farið fram fyrir milligöngu L heldur hefði T séð um að afla tilboða í hann. Þá væri ljóst að leitað hefði verið til L sem lögmanns og hann beðinn að sjá um gerð og frágang skjala um kaupin, væntanlega til að tryggja það, að skjölin væru a.m.k. að formi til rétt frá gengin. Í kaupsamningnum væri tekið fram að L hefði samið það skjal og hann þar tilgreindur sem lögmaður. Að mati stjórnarinnar mætti almennt gera þær kröfur til lögmanns, þegar þeir gengju frá skjölum t.d. í tengslum við sölu fasteigna og skipa, að þeir könnuðu þær tryggingar, sem boðnar væru fyrir umsöndu kaupverði eða bentu aðilum á nauðsyn þess að kanna slíkar tryggingar áður en endanlega væri gengið frá kaupsamningi. Aðstæður gætu þó ráðið nokkru um hve ríkar kröfu væri hægt að gera til lögmanns að þessu leyti. Þótt ekki yrði fjölyrt um þann ágreining aðila, hvenær L tók að sér að ganga frá skjölunum og hvaða möguleika hann hefði haft til að kanna veðhæfni fasteignarinnar, hefði að mati stjórnarinnar verið æskilegt að lögmaðurinn hefði með sannanlegum hætti gert samningsaðilum grein fyrir því að hann hefði ekki haft tök á því að kanna stöðu áhvílandi lána, vegna þess skamma frests, sem L taldi sig hafa fengið. Ekki þótti hægt að fullyrða, með hliðsjón af framlögðum gögnum, að L hefði brotið gegn göðum lögmannsháttum í máli þessu.



Hæstaréttarlögmennir Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Guðmundur Pétursson eftir flutning fyrsta málins í binu nýja búsi Hæstaréttar í haust.

## **Afgreiðsla mála í Hæstarétti 1996**

**H**æstaréttur Íslands hefur sent frá sér yfirlit um afgreiðslu mála í réttinum á árinu 1996 og stöðu þeirra í árslok. Jafnframt fylgir samanburður við árin 1992-1995. Samkvæmt yfirlitinu var fleiri málum skotið til réttarins á síðasta ári miðað við árið þar á undan, eða 475 mál á móti 433 málum árið 1995. Í yfirlitinu kemur enn fremur fram að biðtími mála hefur styrt, en af þeim 87 einkamálum, sem voru tilbúin til flutnings og biðu dóms um síðustu áramót, var 79 stefnt til Hæstaréttar á árinu 1996. Hér að neðan verða birtar nokkrar tölulegar upplýsingar úr yfirlitinu fyrir árið 1996, með samanburði við sambærilegar upplýsingar frá fyrri árum.

### **Áfryjanir og kærur 1992-1996**

|                      | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 |
|----------------------|------|------|------|------|------|
| Áfrýjun, einkamál    | 240  | 219  | 220  | 197  | 217  |
| Áfrýjun, opinber mál | 81   | 110  | 90   | 68   | 82   |
| Kærur, einkamál      | 75   | 109  | 125  | 121  | 117  |
| Kærur, opinber mál   | 37   | 57   | 43   | 47   | 59   |
|                      | 433  | 495  | 478  | 433  | 475  |
| Gagnstefnur          | 18   | 29   | 27   | —    | —    |
|                      | 451  | 524  | 505  | 433  | 475  |

### **Dómar Hæstaréttar og aðrar ákvarðanir 1992-1996**

|                         | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 |
|-------------------------|------|------|------|------|------|
| Áfryjanir:              |      |      |      |      |      |
| Dómar í einkamálum      | 107  | 156  | 169  | 282  | 260  |
| Dómar í opinberum málum | 69   | 96   | 106  | 63   | 75   |

| Kærur:                  |     |     |     |     |     |
|-------------------------|-----|-----|-----|-----|-----|
| Dómar í einkamálum      | 155 | 107 | 127 | 116 | 117 |
| Dómar í opinberum málum | 35  | 53  | 38  | 42  | 51  |
| Mál feld niður o.fl.    | 46  | 29  | 33  | 29  | 36  |
|                         | 412 | 441 | 473 | 532 | 539 |

Sé litið á afköst réttarins og samanburð við tvö næstu ár þar á undan, kemur eftirfarandi í ljós:

### EINKAMÁL: 1996 1995 1994

#### Afrýjunarmál:

|                                     |     |     |     |
|-------------------------------------|-----|-----|-----|
| Mál tilbúin til flutnings 1. janúar | 370 | 493 | 483 |
| Lokið með dómi á árinu              | 260 | 282 | 169 |
| Hafin mál                           | 23  | 19  | 23  |

#### Málfutnings bíða 31. desember 87 192 291

#### Kærumál:

|                     |     |     |     |
|---------------------|-----|-----|-----|
| Dóms biðu 1. janúar | 8   | 4   | 7   |
| Ný kærumál          | 117 | 121 | 125 |
| Kærumál samtals     | 125 | 125 | 132 |
| Lokið með dómi      | 117 | 116 | 127 |
| Afturkallað         | 4   | 1   | 1   |
| Samtals lokið       | 121 | 117 | 128 |

#### Dóms bíða 31. desember 4 8 4

### OPINBER MÁL: 1996 1995 1994

#### Afrýjunarmál:

|                                     |    |    |     |
|-------------------------------------|----|----|-----|
| Mál tilbúin til flutnings 1. janúar | 89 | 75 | 117 |
| Lokið með dómi á árinu              | 75 | 63 | 106 |
| Sameinuð                            | 0  | 0  | 1   |
| Afturkallað                         | 2  | 5  | 3   |

#### Málfutnings bíða 31. desember 12 7 7

| Kærumál:                      |          |          |          |
|-------------------------------|----------|----------|----------|
| Dóms biðu 1. janúar           | 1        | 0        | 0        |
| Ný kærumál                    | 59       | 47       | 43       |
| Kærumál samtals               | 60       | 47       | 43       |
| Lokið með dómi                | 51       | 42       | 38       |
| Afturkallað                   | 7        | 4        | 5        |
| Samtals dæmd eða afturkölluð  | 58       | 46       | 43       |
| <b>Dóms bíða 31. desember</b> | <b>2</b> | <b>1</b> | <b>0</b> |

Heildarsamantekt fyrir tímabilið í einkamálum og opinberum málum, áfrýjunarmálum og kærumálum, er þannig:

|  | 1996 | 1995 | 1994 |
|--|------|------|------|
| Lokið með dómi                         | 503  | 503  | 440  |
| Lokið á annan hátt                     | 36   | 29   | 33   |
| Málfutnings eða dóms bíða 31. desember | 105  | 208  | 302  |

Pá er forvitnilegt að sjá hver örlog bíða þeirra mála, sem skotið er til Hæstaréttar. Af 260 dóum í einkamálum á árinu 1996, sem áfrýjað var til réttarins, voru 126 staðfest, 55 var breytt að einhverju leyti, 67 var breytt að verulegu leyti eða snúið við, 7 mál voru ómerkt og 5 mál sættu frávísun frá Hæstarétti og hérðasdómi.

Af 75 dæmdum opinberum málum, sem áfrýjað var, voru 24 staðfest, 27 var breytt að einhverju leyti, 12 var breytt að verulegu leyti eða snúið við, 8 voru ómerkt og 4 mál sættu frávísun frá Hæstarétti og hérðasdómi.

Af 168 kærumálum, sem hlutu afgreiðslu, var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 110 tilvikum, í 42 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við, 15 mál sættu frávísun og í einu tilviki var um ómerkingu að ræða.

MM

## Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.I. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.I., í síma 568-5620.

# Um fjárvörlureikninga

Reglur nr. 626/1995, um fjárvörlur lögmannna o.fl., tóku sem kunnugt er gildi 1. janúar 1996. Samkvæmt þeim skal lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendur sína, halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin fé. Reglurnar taka til lögmannna, sem varðveita í eigin nafni fjármuni fyrir hönd umbjóðenda sinna. Í reglunum er kveðið á um það að þær gildi bæði um fjárvörlur sjálfstætt starfandi lögmannna og lögmannna, sem starfa hjá lögðilum, enda hafi lögðilinn með höndum starfsemi, sem er sambærileg hefðbundnum störfum lögmannna.

Reglurnar skiptast í 5 kafla og er í þeim fjallað nánar um vörslufé (2. kafli), verðbréf í vörslu lögmanns (3. kafli), eftirlit stjórnar L.M.F.I. með að reglunum sé fylgt (4. kafli) og gildistöku (5. kafli). Samkvæmt 11. gr. reglnanna er gert ráð fyrir því að lögmenn, sem reglur þessar taka til, skuli fyrir 1. júlí ár hvert senda stjórn L.M.F.I., á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsing, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um að staða fjárvörlureiknings í banka þann 31. desember á umliðnu ári, sé ekki lægri en staða vörslufjárdar skv. bókhaldi. Á sama tíma skal lögmaður senda stjórninni samantekt og niðurstöðutölur verðbréfaskrár skv. 9. gr. reglnanna, staðfestar af löggiltum endurskoðanda.

Skilaskylda lögmannna á framangreindum yfirlýsingum er í fyrsta skipti fyrir 1. júlí á þessu ári. Verða því bráðlega send út eyðublaði þar að lítandi. Við gerð þessara eyðublaða hefur verið leitast við að hafa þau einföld en þó þannig úr garði gerð, að trúverðugleiki yfirlýsinganna sé tryggður, miðað við þær réttarheimildir, sem yfirlýsingarnar byggjast á.

Vert er að minna að skv. 8. gr. reglnanna ber lögmanni á minnst 3 ja mánaða fresti að bera saman og staðreyna að innistæða á fjárvörlureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörlureiknings í bókhaldi. Jafnframt ber lögmanni á sama hátt að bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga umbjóðenda hans samsvari stöðu fjárvörlureiknings í bókhaldi. Komi í ljós að innistæða á fjárvörlureikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum lögmanns skv. fjárvörlureikningi í bókhaldi hans, skal hann tafarlaust bæta úr því. Þá er lögmönnum uppálagt að varðveita gögn, sem sýna afstemmingu fjárvörlureiknings í banka og bókhaldi, eins og önnur bókhaldsgögn.

-----

Skilaskylda lögmannna á framangreindum yfirlýsingum er í fyrsta skipti fyrir 1. júlí á þessu ári.

Pegar er farið að reyna á ýmis ákvæði reglnanna, þ. á m. þær heimildir, sem stjórn L.M.F.I. hefur skv. 4. kafla, til eftirlits og rannsóknar. Pannig hefur stjórnin til þessa þréfingi talið ástæðu til að fela trúnaðarendurskoðanda félagsins, Ásbirni Björnssyni, löggiltum endurskoðanda, að kanna bókhald á lögmannsstofum, í því skyni að sannreyna að viðkomandi lögmenn framfylgi bókhaldslögum og reglunum um fjárvörlureikninga.


Þá barst fyrirspurn til stjórnarinnar um það hvort lögðilar gætu stofnað fjárvörlureikninga. Tilefni fyrirspurnarinnar var það að innheimtufyrirtæki, sem að meirihluta til er í eigin aðila, sem ekki er lögmaður, óskaði eftir því við bankastofnun að fá að stofna fjárvörlureikning í nafni fyrirtækisins. Hjá fyrirtækini starfaði lögmaður og mun hann hafa verið framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi. Í umsögn stjórnar L.M.F.I. var kom-

ist að þeiri niðurstöðu, að þar sem lögðilar væri ekki í eigu lögmenns, að öllu leyti eða a.m.k. að meirihluta, gæti lögðilar ekki stofnað fjárvörlureikning skv. reglum nr. 626/1995. Reglurnar um fjárvörlureikninga væru settar með heimild í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1942, um málflyttjendur og að skv. 1. mgr. 8. gr. laganna hefði stjórn L.M.F.I. eftirlit með því að eftirlit reglunum er farið. Samkvæmt síðarnefndu greininni hefði stjórnin með höndum ákvæðið eftirlit með lögmönnum í störfum þeirra. Það skorti því lagaskilyrði til þess að aðrir en lögmenn eða lögðilar í þeirra eigu gætu sett sig undir eftirlitsvald stjórnarinnar skv. reglunum um fjárvörlureikninga, með stofnun slíkra reikninga í innlánsstofnunum.

Í síðasta Fréttabréfi L.M.F.I. (2. tölublaði 1997) var fjallað um verðbréfaskrá skv. 9. gr. reglnanna og skyldu lögmanns til að senda þeim umbjóðendum sínum, sem hann annast umsýslu fyrir skv. 9. gr., skrá og upplýsingar um verðbréfin og fjármunahreyfingar vegna þeirra. Skyldu þessar upplýsingar sendar fyrir 1. mars 1997. Í þessu sambandi hafa nokkrir lögmenn spurt um það hvort bankareikningar, sem lögmenn (skiptastjórar) hafa umsjón með vegna reksturs protabúa, heyri undir 2. eða 3. kafla reglnanna. Því er til að svara að reikningar þessir eru oftast eða alltaf á nafni viðkomandi fyrirtækis eða protabús þess og því er ekki um það að ræða að skiptastjóriinn varðveiti þessa fjármuni í eigin nafni. Reikningar þessir eru því ekki fjárvörlureikningar í skilningi 2. kafla reglnanna. Hins vegar falla þeir undir ákvæði 9. gr., þar sem skiptastjóriinn varðveitir og hefur umsýslu með þessum reikningum fyrir umbjóðanda sinn, protabúið.

MM


38 BINDI Á EINUM DISKI



# DÓMA *safnið*

ÖNNUR ÚTGÁFA

Hæstaréttardómar  
1980-1995



Dómasafnið er árgangar 1980-1995 af dómasafni Hæstaréttar Íslands ásamt öflugu leitarkerfi á geisladiski (CD-ROM), alls 38 bindi eða um 34.000 bls. Við texta dómanna hefur verið bætt stuttri efnislýsingu, 5-20 samræmdum lykilorðum, lagatilvitnunum, og lista yfir aðila dómsmáls.

Leitarkerfið var sett upp og þróað hjá Prentsmiðjunni Odda hf.  
í náinni samvinnu við Íslex hf.

Í S L E X

ODDI

Nánari upplýsingar  
hjá Söludeild Odda  
í síma 515 5100